FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Hreyfing og ljós
Námsgrein:	eðlisfræði
Viðfangsefni:	aflfræði, ljós
Skammstöfun:	EÐLI2LA05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í þessum fyrsta áfanga í eðlisfræði er farið yfir mælieiningar, hreyfingu, kraft, orku, þrýsting og ljósgeislafræði og áhersla lögð á að nemendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð.
Forkröfur:	STÆR2HV05 á undan eða samhliða
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mælieiningum, stærðum og vigrum • stöðu, færslu, hraða og hröðun í einvídd • kraftalögmálum Newtons, þyngd, þver- og núningskrafti • vinnu, orku, afli og orkuvarðveislu • atlagi, skriðþunga og árekstrum • þrýstingi og lögmáli Arkimedesar • ljósbroti, Snells lögmáli, alspeglun og linsum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota markverða tölustafi og mælieiningar • túlka og búa til gröf sem lýsa hreyfingu • notast við réttar formúlur út frá gefnum stærðum dæma • framkvæma verklegar æfingar og túlka niðurstöður þeirra
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • meta hvort niðurstöður útreikninga og mælinga séu raunhæfar • gera sér grein fyrir mikilvægi nákvæmra vinnubragða • tengja námsefnið við daglegt líf og umhverfi og gera sér grein fyrir notagildi þess
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.